



## FUNDUR Í JAFNRÉTTISNEFND BLÖNDUÓSBÆJAR

**Dagsetning:** 5. mars 2015 haldinn í fundarsal, Hnjúkabyggð 33.

---

### Dagskrá:

1. Hefja gerð jafnréttisáætlunar Blönduósbæjar
2. Skoða svar við erindi okkar til sveitarstjóra sem hefur vonandi borist okkur fyrir fundinn.
3. Önnur mál

### Afgreiðslur:

Páley Sonja formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

#### 1) Gerð jafnréttisáætlunar

Við vinnu jafnréttisnefndar að gerð jafnréttisáætlunar Blönduósbæjar höfum við skoðað jafnréttisáætlanir/stefnur annarra sveitarfélaga. Við nánari skoðun á þeim höfum við rekið okkur á að mörg hver hafa gildi/markmið til að stefna að og vinna sínar áætlanir samkvæmt þeim. Okkur finnst vanta gildi/markmið hjá Blönduósbæ svo samfélagsþegnar geti haft gildi bæjarins að leiðarljósi, samfélaginu til góða. Nefndin hefur ákveðið að setja upp jafnréttisstefnu og hins vegar framkvæmdaáætlun til að framfylgja stefnunni og er vinna hafin við það.

#### 2) Erindi jafnréttisnefndar

Enn hefur ekki borist svar við erindi okkar vegna fundarsetu sviðsstjóra á vegum jafnréttisnefndar eins og kveðið er á um í erindisbréfi fyrir Jafnréttisnefnd Blönduósbæjar. Því hefur ekki verið lokið við að skipa í nefndarstörf.

#### 3) Önnur mál ekki rædd.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:15

Nöfn fundarmanna

Árný Þóra Árnadóttir  
Lúðvík Blöndal

Páley Sonja Wüum Ragnarsdóttir

nafn ritara

Páley Sonja



Blönduósbær